

9. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

23. ágúst 2017, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:15

Mætt eru: Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Sara Sigurðardóttir (SS), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ) í gegnum Skype, Una Hildardóttir (UH), Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), Ólafur Hrafn Halldórsson (ÓHH) og Tinna Isebarn (TI) framkvæmdastjóri LUF.

Forföll boðaði: Guðbjört Angela Mánadóttir (GAM)

Fundur settur 18:47

Dagskrá:

1. **Fundargerð 8. Stjórnarfundar** var samþykkt.
2. **Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:**
 - a. „**Agenda 2030**“: Drög að styrkumsókn til Norrænu ráðherranefndarinnar til að halda annan fund um þróunarmarkmiðin með Allianssi, systursamtökum LUF í Finnlandi eru tilbúin.
 - b. **Beiðni um samstarf frá NORA - Norræna Atlantshafssamstarfið:** Tillagan um að miðla leiðtogaskólanum til Grænlands og Færeyja var samþykkt.
 - c. **Þjónusta:** Eftirspurn eftir fundarstjórum frá LUF. TI var falið að koma með uppástungu að verðskrá.
3. **Útgáfa #ÉgKýs:** Ákveðið var að halda opinn fund þann 5. september í tilefni af útgáfu lokaskýrslu #ÉgKýs og bjóða fjölmiðlum og alþingismönnum. TI var falið að leggja hugmyndina undir SÍF og nýsköpunarverkefnið Ungt fólk til áhrifa.
4. **EUF málið:** Ítrekun hefur verið send á EUF. Bréf til mennta- og menningarmálaráðuneytisins um málið var samþykkt.
5. **Leiðtogaskólinn:**
 - a. LMJ hefur útbúið drög að bréfi til Vigdísar Finnbogadóttur.
 - b. Stjórn ákvað að leggjast á eitt með að auglýsa og dreifa upplýsingum um skólann.
6. **RSK málið:** SHB hefur rekið á eftir svari við áskorun.
7. **Alþjóðamál:**
 - a. **EU Youth Conference:** Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur óskað eftir tilnefningu frá LUF til að sækja ráðstefnuna í Eislendi. Stjórn ákvað að tilnefna LMJ.
 - b. **Staða alþjóðanefndar:** LMJ sendir póst með upplýsingum um þau verkefni sem eru í vændum og boðar nefndina á fund þegar allar upplýsingar liggja fyrir.
 - c. **Samstarf við utanríkisráðuneytið:** Ráðherra hefur fallist á að funda með LUF vegna samstarfsbeiðninnar.
8. **Heimasíða:** ÓHH vakti athygli á netþjóni og greiðslu á heimasíðu.
9. **Næsti fulltrúaráðsfundur:** Ákveðið var að fresta ákvörðun um dagsetningu, en þema fundanna verða upplýsingafundur, alþjóðamálafundur og rannsóknarfundur.
10. **Næsti stjórnarfundur:** 6. september.
11. **Önnur mál:** Engin bárust.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 20:12

UH ritaði fundargerð.